

Nr. 22.
11. júl.

Lög

um

Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og gufuvjelafræði og undirbýr lærisveina skólans undir íslensk stýrimannspróf, hið meira og hið minna, og próf í gufuvjelafræði.

Við skóla þennan skipar stjórnarráðið forstöðumann með 2000 kr. árslaunum og 2 aukakennara með 1200 króna árslaunum hvorn og sje annar þeirra kennari í gufuvjelafræði.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugerð fyrir hann. Laun kennara og annar kostnaður við skólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til hins íslenska minna stýrimannsprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaritma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar og útreikning rjetthyrndra þríhyrninga eftir henni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögum hans og stærð, línun á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, inklination og deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með

Nr. 22. Lög 11. júlí um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Lov

Nr. 22.
11. Juli.

om

Navigationsskolen i Reykjavik.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Navigationsskolen i Reykjavik giver Undervisning i Navigation og Maskinlære og forbereder Skolens Elever til de islandske Styrmandseksaminer, den mere og den mindre fuldstændige, og til Eksamen i Maskinlære.

Ved denne Skole ansættes af Ministeriet en Bestyrer med en aarlig Løn af 2,000 Kr. samt 2 Ekstralærere, hvoraf den ene skal undervise i Maskinlære, hver med en aarlig Løn af 1,200 Kr.

Ministeriet har Overopsyn med Skolen og udfærdiger et Reglement for denne. Lærernes Lønninger samt de øvrige Udgifter til Skolen udredes af Landskassen.

§ 2.

Til den mindre fuldstændige islandske Styrmandseksamen udfordres:

1) Kundskab i Læren om almindelige Brøker, Decimalbrøker, Talforhold, Potens og Rod, Brugen af Logarithmer, om de første Begreber af Geometrien, om positive og negative Størrelser, om de første Begreber af Trigonometrien og dens Brug til Beregning af retvinklede Trekkanter.

2) Kundskab om Jordkloden, dens Form og Størrelse, Linier paa dens Overflade, Bredde og Længde;

3) Kundskab om Kompassets Indretning og Brug, om Misvisning og Inklination, om Deviationen og hvorledes den findes, om Loggens og Loddets Indretning og Brug;

4) Begreb om Søkort i Almindelighed;

5) Kundskab om Journalføring, at kunne regne Bestik med de dertil indrettede Tabeller, at kunne udsætte Pladsen i Kortet saavel ved Bredde og Længde som

Nr. 22.
11. júlí.

- því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefur borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreyfingu hennar sjálfrar;
 7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrjetta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
 8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
 9. þekking á leiðrjettingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
 10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
 11. að kunna að finna misvísun við athugun sólar;
 12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
 13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnnunnar;
 14. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
 15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
 16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
 17. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sjerstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

Til hins meira íslenska stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til hins minna prófs, og enn fremur:

1. ítarlegri þekking á veldi og rót, á logaritnum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, þekking á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug;
4. að kunna að fara með sjóur og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóursins;
5. að kunna að ákveða stað skips með staðarlínum, bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
6. að kunna að finna lengdina með sjóurinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
7. að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri rjettritun;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku, að geta gert ljettan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sje;
9. sama kunnátta í ensku sem í dönsku;
10. að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra.

4. gr.

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita:

Nr. 22. Lög 11. júlí um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

ved Indskæring af faste Punkter i Land, om Strøm og Afdrift, at kunne bestemme Kurs og Distance til et givet Sted; Nr. 22.
11. Juli.

6) Kundskab om Himmelkuglen og den daglige Bevægelse, om Gradenettene paa Himmelkuglen og Bestemmelse af Himmellegemernes Steder, om Solen og dens Egenbevægelse;

7) Kundskab om Oktanten eller Sekstanten, samt at kunne undersøge og rette Spejlenes Stilling, at kunne maale Højden af et Himmellegeme og Vinkler mellem terrestriske Genstande;

8) Kundskab om Tidens Udmaalning og Inddeling;

9) Kundskab om de Rettelser, der anvendes paa Solens maalte Højde;

10) at kunne finde Klokkeslettet, naar Solen staar op eller gaar ned;

11) at kunne finde Misvisningen ved Observation af Solen;

12) at kunne finde Bredden ved en Højde af Solen i Meridianen;

13) at kunne finde Misvisningen ved Observation af Polarstjernen;

14) at kunne finde Klokkeslettet, naar Høj- og Lavvande indtræffe;

15) Kendskab til de internationale Søvejsregler og Redningsapparater;

16) Kendskab til Brugen af den internationale Signalbog og Vejsignaler;

17) Kendskab til de simpleste Regler for Sygeplejen, særlig for at kunne forbinde Benbrud og Saar og sætte i Led ved forekommende Ulykkestilfælde.

§ 3.

Til den mere fuldstændige islandske Styrmandseksamen udfordres alt, hvad der kræves til den mindre fuldstændige, samt endvidere:

1) Yderligere Kendskab til Potens og Rod, Logarithmer, Regning med positive og negative Tal, Kendskab til Trekanters Kongruens og Lighedannethed, Maalestokke for Linier og Vinkler, Udførelse af de almindeligste geometriske Konstruktioner, Udmaalning af Flader og Legemer, trigonometriske Størrelser;

2) Kundskab om Himmellegemer i Almindelighed;

3) Bestemmelse af Bredden ved Observation af Solen udenfor Meridianen og af en Fiksstjerne saavel i som udenfor Meridianen;

4) Sørets Brug og Behandling, Bestemmelse af dets Stand ved en Højde af Solen og af en Fiksstjerne, ved Tidssignal og ved Hjælp af et andet Ur, hvis Stand er bekendt, samt Bestemmelse af dets daglige Gang;

5) Bestemmelse af Skibets Sted ved Stedlinie-Observation af Solen og af en Fiksstjerne;

6) Bestemmelse af Længden ved Hjælp af Søret og en Højde af Solen og af en Fiksstjerne;

7) at kunne affatte en Udarbejdelse i Islandsk i et tydeligt Sprog, med en tydelig Haandskrift og en taalelig Retskrivning efter opgivet Motiv vedrørende Skibsfarten;

8) at have gennemgaaet et Stykke paa i det mindste 200 Sider i en dansk Bog og kunne oversætte det mundtligt til Islandsk, skrive en let dansk Stil samt føre en forstaaelig Samtale i det danske Sprog om et Hverdagsemne;

9) samme Kendskab i Engelsk som i Dansk;

10) Kendskab til de vigtigste Lovbestemmelser angaaende Skibsføreres Rettigheder og Pligter.

§ 4.

Eksaminerne ere dels mundtlige, dels skriftlige. De afholdes offentlig af en Eksamenskommission under Ledelse af det af Kommissionens Medlemmer, som Mini-Nr. 22. Lov af 11. Juli om Navigationskolen i Reykjavik.

Nr. 22. eru í henni forstöðumaður skólans og tveir aðrir menn, er stjórnarráðið setur til þess 11. júlí. í hvert skifti. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefni til munnlegs og skriflegs prófs; verkefni til skriflega prófsins skulu þeir afhenda stjórnarráðinu á undan prófinu í innsigliðu umslagi.

5. gr.

Hver sá, sem staðist hefur hið meira stýrimannspróf, samkvæmt 3. gr. laga þessara, getur krafist þess, að hann sje reyndur í gufuvjelafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

6. gr.

Til prófs þess, er getur um í 5. gr., útheimtist þekking á því, sem nú skal greina: Undirstöðuatritum affræðinnar og hitafræðinnar, sjerstaklega um eðli vatns-gufunnar og hagnýting hennar til vinnu; gufuvjelum þeim sem nú tíðkast mest ásamt kötlum og því er þeim fylgir, hestaflí gufuvjela, meðferð gufuvjela, framknýingu og kolaeyðslu, helztu hlutum skips og skiftingu þess í vatnsheld hólfi, tæmingaráhöldum og slökkvitólum, ryði og vörnum gegn því, hjálparvjelum á skipum og lagaákvæðum um gufuskíp, er snerta tryggingu á lífi manna og góssi.

7. gr.

Prófið er að eins munnlegt og skal það haldið opinberlega af prófnefnd; fyrir því stendur sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita. Í prófnefndinni er forstöðumaður skólans og tveir menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

8. gr.

Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvíkjandi tilhögun á prófunum.

Þeim, sem próf hefur tekið, skal veitt skírteini um það, og skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefur verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð, og sem stjórnarráðið geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

9. gr.

Rjett til þess að ganga undir hin íslenzku stýrimannspróf eftir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar stýrimannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið sendir til stjórnarráðsins beiðni um að mega ganga undir próf, og skal fylgja henni vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kent honum siglingafræði. Enginn getur gengið undir prófin nema hann hafi verið háseti á þilskipi 12 mánuði að minsta kosti eftir að hann varð fullra 15 ára að aldri; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

Nr. 22. Lög 11. júlí um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

steriet beskikker til Formand; Kommissionen bestaar af Skolens Bestyrer og 2 andre af Ministeriet hver Gang dertil udnævnte Mænd. Overhøringen ved den mundtlige Prøve foretages af Læreren i hvert enkelt Fag, medens Opgaverne saavel til den mundtlige som til den skriftlige Prøve fastsættes af de beskikkede Censorer; disse skulle forinden Eksamens Begyndelse under forseglede Kuvert tilstille Ministeriet Opgaverne til den skriftlige Prøve.

Nr. 22.
11. Juli.

§ 5.

Enhver, der har bestaaet den mere fuldstændige Styrmandseksamen ifølge denne Lovs § 3, kan, naar Eksamen afholdes ved Skolen, begære sig prøvet i Maskinlære.

§ 6.

Til den i § 5 ommeldte Prøve udfordres Kundskab i følgende:

Begyndelsesgrundene i mekanisk Fysik og Varmelære, særlig Vanddampens Egenskaber og dens Benyttelse i Arbejdets Tjeneste, Nutidens mest brugte Dampmaskiner med Kedler og Tilbehør, Dampmaskiners Hestekraft, deres Behandling, Fremdrivning og Kulforbrug, Skibets Hoveddele og dets Inddeling i vandtætte Rum, Læsnings- og Slukningsmidler, Rustdannelse og Midler derimod, Skibets Hjælpemaskiner og de Lovbestemmelser om Dampfartøjer, der vedrøre Sikkerhed for Menneskeliv og Gods.

§ 7.

Prøven er kun mundtlig og afholdes offentlig af en Eksamenskommission under Ledelse af det af Kommissionens Medlemmer, som Ministeriet beskikker til Formand. Kommissionen bestaar af Skolens Bestyrer og 2 andre af Ministeriet hver Gang dertil udnævnte Mænd.

§ 8.

De fornødne Bestemmelser om Eksaminers Afholdelse fastsættes af Islands Ministerium.

For bestaaet Eksamen erhoder Eksaminanden et Bevis, som underskrives af alle Kommissionens Medlemmer, og som skal indeholde de Punkter, der have været Genstand for Prøven, den afgivne Karakters Talværdi, samt det laveste og højeste Karaktertal, der gives for bestaaet Eksamen.

Eksaminandernes Navne indføres i en dertil indrettet Protokol, som opbevares fa Ministeriet, og som indeholder for hver især af Eksaminanderne: hans fulde Navn, Fødested, Fødselsdag og -aar og den ved Eksamen givne Karakter.

§ 9.

Adgang til at underkaste sig de islandske Styrmandseksaminer efter de ovenfor fastsatte Regler staa aaben ikke blot for Navigationsskolens Elever, men ogsaa for enhver anden, der 3 Maaneder forinden Eksamens Afholdelse til Ministeriet indsender Begæring om at stedes til Eksamen, ledsaget af Vidnesbyrd om hans Kundskaber fra den eller dem, der have undervist ham i Navigationslæren. Ingen kan indstille sig til Styrmandseksaminerne uden at have fareet tilsøs som Matros paa et Dæksfartøj i mindst 12 Maaneder efter sit fyldte 15de Aar samt præsteret Bevis for, at hans Syn har den for Styr mænd nødvendige Fejlfrihed.

Nr. 22. Lov af 11. Juli om Navigationsskolen i Reykjavik.

Nr. 22.
11. júlí.

10. gr.

Hver sá, sem staðist hefur próf í gufuvjelafræði, samkvæmt lögum þessum, á kost á að fá viðaukaskirteini það um þekkingu á gufuvjelum, sem getið er um í 14. gr. laga 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar.

11. gr.

Lög nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, lög nr. 58, 10. nóvember 1905, um breytingu á 6. gr. í nefndum lögum, og lög nr. 19, 13. seft. 1901, um próf í gufuvjelafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík, eru úr gildi feld.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1911.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

§ 10.

Nr. 22.
11. Juli.

Enhver, der har bestaaet Eksamen i Maskinlære i Henhold til denne Lov, er berettiget til at erholde det i Lov om Sønæringen af 10. November 1905 § 14 omhandlede Tillægsbevis for Maskinkyndighed.

§ 11.

Lov Nr. 19 af 22. Maj 1890 om Oprettelse af en Navigationsskole i Island, Lov Nr. 58 af 10. November 1905 om Forandring i bemeldte Lovs § 6, samt Lov Nr. 19 af 13. September 1901 om Prøve i Maskinlære ved Navigationsskolen i Reykjavik ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.

Kristján Jónsson.

Jon Krabbe.